

## „Að villast rétta leið“

**K**veiktu á sturtunni, pabbi,“ sagði sonur við föður í laugunum.

„Viltu hafa það meira heitt eða kalt?“ spurði faðirinn.

Þegar í heita pottinn var komið skemmti sonurinn sér við að slá lófanum ofan á vatnsflötinn.

„Ekki skvettu, ókei?“ sagði þá faðirinn.

„Óóóókei,“ svaraði sonurinn ólundarlega.

Þetta var sömu helgina og nafni minn Sigurðsson skrifaði tungutakspil sinn í Lesbókina þar sem hann ræddi um orðfæð og málfátækt.

Foreldrar barna og unglinga vanda ekki alltaf mál sitt, og þá er ekki von á góðu. Kennarar reyna hvað þeir geta til að glæða áhuga nemenda sinna á móðurmálinu, og þar þurfa þeir á stuðningi foreldranna að halda. En vandinn er margvíslegur. Við sem kennum þeim, sem síðar eiga að kenna íslensku í skóli, höfum t.d. nokkur áhyggjur af ískyggilegri fækkun kennslustunda í íslensku í almennu kennaranámi síðustu árin. Satt að segja hefur íslenskan nánast verið þurrkuð þar út.

En við berjumst áfram fyrir góðum málstað. Í nýju námsefni, sem Skólavefurinn gefur út (prentað og rafrænt) og ætlað er miðstigi grunnskóla, er mikið lagt upp úr því að vel sé rýnt í texta og merkingu orða. Einnig eru þar gátur og krossgátur og hvers kyns verkefni sem ættu að geta aukið áhuga og skilning á máli. Þar er einnig hvatt til samstarfs við foreldra og bent á að þeir geti fylgst með námi barna sinna (í samráði við kennara) með stuðningi netsins.

Leikum okkur að tungumálinu. Gríska hugtakið *oxymoron* mun merkja: „skarpur heimskur“. Það er notað um stílbragð í klassískri mælskufræði: samsetningu tveggja hugtaka sem virðast andstæðrar merkingar. Í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* eru dæmin *grátfeingin, ljúfsár, talandi þögn* og *danskur Íslendingur*. Bæta mætti við þennan lista: *fagnadarskelfing, stálull, gömul nýjung, hálffullur, angurbliður, dimmi ljós, fitulaus rjómi, opinbert leyndarmál* og *flýttu þér hægt*. Þetta er eiginlega *þversögn (paradox)* í samþjöppuðu formi, sbr. t.d. orðin „að villast rétta leið“ (Stefán Hörður Grímsson). Eða: *Hann hefur svo mikið að gera að hann kemur engu í verk*. Þennan leik má iðka í skólastofu og við eldhúsbörð.

Hugtakið *homofon* býður upp á nýjan leik. Orðið merkir samhljómur eða eitt-hvað þvíumlíkt og á við um orð sem er eins og annað orð í framburði en annarrar merkingar. Hér er af nógu að taka. Leikurinn mætti fara þannig fram að hver nemandi (eða barn við eldhúsbörð) skrifaði nokkrar setningar þar sem tvö (eða fleiri) samhljóma orð en ólík að merkingu kæmu fyrir. Dæmi: Þarna er kirkja þar sem þeir ætla víst að kyrkja óvininn. Það eru bláber ósannindi að ég hafi tínt bláber. Hún bíður þangað til hann býður henni upp í dans. Bóndinn á á á á.

En víkjum nú að öðru hugstæðu efni. Í bréfum Stephans G. Stephanssonar kemur sögumaðurinn gjarnan upp í honum. Hann grípur óvænt eitthvert tækifæri, t.d. í miðri veðurlýsingu, og fer að segja sögu. Ein er svona:

„Ég kynntist karli heima á Íslandi sem



### Tungutak

Baldur Hafstað  
bhafstad@hi.is



**„Kennarar reyna hvað þeir geta til að glæða áhuga nemenda sinna á móðurmálinu, og þar þurfa þeir á stuðningi foreldranna að halda.“**

kallaður var Kristján núff. Hann var barasta ræfill af manni, auminginn, það vantaði sem sé á báða endana á honum. Reyndar sýndist efsta *tasían* á honum að mestu leyti heil að utan, en öll innbygggingin var fyrirtaks óhentug, enda hafði heimurinn ekki lagt sig stórt í framkröku um að laga hana. Svo var hann fótalaus. Þá hafði einu sinni kalið af honum í manndrápsbyl þegar hann gat ekki bjargað sér sjálfur og var algjörlega kominn upp á guðs miskunn. Enda sagði fólk að forsónin hefði tekið fæturna af Stjána til að „stöðva“ á honum ganginn til helvítis“, því hann hefði verið að verða efni í mesta illmenni, og það setti upp slíkt helgidómsandlit að Kristján trúði því líka. „Sagan heldur reyndar áfram, sjá bókina *Hlývindi* (bls. 185) sem geymir úrval texta Klettafjallaskáldsins.

Þetta er óformlegt spjall við bréfavin og því eðlilegt að talmálsseinkenni eins og „barasta“ komi fram, og skáldið leyfir sér líka að „sletta“, sbr. efstu *tasíuna* (hæðina). En ýmsum stílbrögðum er beitt til að auka áhrifamátt textans, sbr. andstæðurnar *efsta tasían / fætturnir; utan/ innan* (hér bætist stuðlunin við); *guð/ helvíti o.s.frv.* Stutta málsgreinin (um fótaleyssið) í miðjum texta kemur eins og högg. Þannig tengist innihaldið setningagerðinni. Og Stephan G. kann manna best að gefa texta sínum kaldhæðnislegan svip í anda raunsæismanna 19. aldar. En hjá „fólkinu“ fer meira fyrir hræsni en samúð með ólánsmanninum.

Það farnast ekkert á við góðar sögur í hversdagsleikanum. „Kveikjum á sturtunni.“

## Það sem gerist milli kafla er áhugaverðast

*Hvað gerist þegar eitt skeið í listum viku fyrir öðru? Því veltir sýningarstjórinn Jón Proppé fyrir sér á sýningunni Ný list verður til, í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum.*

Helgi Snær Sigurðsson helgisnaer@mbl.is

**S**egja má að kynslóðaskipti hafi orðið í íslenskrum myndlist á sjöunda áratugnum. Þá spruttu fram ungir myndlistarmenn sem margir hverjir urðu helstu kyndilberar íslenskrar myndlistar næstu áratugi, listamenn sem tilheyrðu SÚM-hópnum sem og aðrir utan hans. Mörk myndlistarskeiða eða -stefna eru oft og tíðum óljós, þ.e. hvenær nýtt skeið tekur við af öðru, í þessu tilfelli hvenær landslagslistin og abstraktið tók að vika fyrir óhefðbundnari list bæði hvað varðar umfangunarsvið og framsetningu.

Á sýningunni Ný list verður til gefur að líta verk frá þessum tíma sem sum hver hafa sést oftar en einu sinni opinberlega en einnig önnur sem sjaldan eða aldrei hafa komið fyrir sjónir almennings. Þá eru einnig til sýnis bæklingar, veggspjöld, bækur o.fl. sem tengist viðfangsefninu og viðtöl við valda listamenn sýndu en í þeim rifja þeir upp þennan merka tíma í íslenskrum myndlistarsögu. Verkin eru fjölbreytt bæði að innihaldi og formi; skulptúrur, málverk, teikningar, grafík og myndbandsverk, verk eftir listamenn á borð við Ágúst F. Petersen, Alfréd Flóka, Braga Ásgeirsson, Dag Sigurðarson, Dieter Roth, Erró, Tryggva Ólafsson, Gunnar S. Magnússon, Jón Gunnar Árnason, Magnús Pálsson, Sigurð og Kristján Guðmundssyni, Róska og Sverri Haraldsson. Bláðamaður hitti Jón yfir kaffibolla á Kjarvalsstöðum og ræddi við hann um sýninguna.

### Óhræddir listamenn

„Eitt af því sem ég er að reyna að draga fram á sýningunni er það hversu óhrætt fólk var við að prófa mismunandi miðla og aðferðir og að vinna með öðrum,“ segir Jón. Á sýningunni SÚM III, árið 1969, sjást þetta vel en ljósmyndir frá þeirri sýningu eru hluti af sýningunni á Kjarvalsstöðum auk ljósmynda af útsýningu á Skólavörðuholti árið 1970, þar sem ólíkar kynslóðir myndlistarmanna mættust með eftirminnilegum hætti. „Allt sem SÚM gerði til að byrja með fékk ofsalega athygli í pressunni, þetta þótti spennandi og þóttu fréttir,“ rifjar Jón upp. Heimskunnir listamenn hafi tekið þátt í sýningum SÚM-ara, m.a. Joseph Beuys og Richard

Hamilton. Þetta hafi vissulega verið spennandi tímar.

–Sýningin snýst um kynslóðaskipti í íslenskrum myndlist um miðjan sjöunda áratuginn eða þar um bil og SÚM-hópurinn auðvitað áberandi þar. Þetta hlýtur samt að hafa verið erfitt konsept að vinna út frá, að setja þessa sýningu upp í ljósi þess úr hversu mörgum verkum þú hafðir að velja eftir þessa listamenn?

„Þetta er skritin sýning, það er alveg rétt og eiginlega alveg fram að opnun var ég alls ekkert viss um að hún gengi upp. En kveikjan að þessari sýningu var nú eiginlega sú að ég er búinn að vera að vinna seinustu ár mikið í stóra listasöguverkefni, fimm binda bók sem kemur út eftir tvær vikur. Hafþór, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, fór að spyrja mig hvernig þetta gengi og hvort ég hefði fengið einhverjar sýningarhugmyndir. Og ég komst eiginlega að þeirri niðurstöðu að ég hefði mestan áhuga á því sem gerðist milli kafla, í rauninni því sem listasöguritin nær ekki alveg yfir eða reynir að ná yfir. Það er óhjákvæmilegt þegar við erum að skrifa eða hugsa um söguna að þá hugsum við frekar um það þegar einhver stillir eða nálgun þroskast fram og verður fullodduð og jafnvel ráðandi dálítið á sviðinu. Eins og gerðist með abstraktið á árunum 1953–60, þá kom þar upp öflug kynslóð með mjög skýrar hugmyndir um það hvernig myndlistin ætti að vera og vann frábært starf á tiltölulega stuttum tíma. En svo gerist það einhvern veginn að yngri kynslóðinni finnst þessi myndlistarhugsun ekki svara kalli tímans, ekki svara því sem þau eru að leita eftir og líka hitt, að þar sem það var komin dálítið fastmótúð, sterk stefna fannst unga fólkinu að það kæmist hreinlega ekki að. Það gat hvergi sýnt og fékk enga athygli, enga virðingu, maður myndi segja það núna. Þannig að þá fer fólk að leita í ýmsar áttir og það er ákveðið frjálshæði sem felst í því að hafa ekki aðgang að myndlistarsenunni, að vera svolítið utangarðs og það lýsir sér á þessum tíma. Þetta er stór hópur af ungu fólk, úr ýmsum áttum í rauninni og þau gerðu tilraunir með allt mögulegt, bæði kynntust örlítið einhverju sem var að gerast í útlöndum en fléttuðu það